



# STARFSLEYFISSKILYRÐI

fyrir sorphirðu og sorphlutninga, gámastöð, sorphlokkun og jarðgerð lífræns úrgangs frá heimilum og fyrirtækjum á Suðurlandi

**Íslenska Gámafélagið ehf.**

kt. 470596-2289

Hellislandi, 800 Selfoss - fastanr F2186468

## 1. GILDISSVIÐ OG ALMENN ÁKVÆÐI

### 1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfissskilyrði þessi gilda fyrir rekstur fyrir sorphirðu og sorphlutninga, gámastöð, sorphlokkun og moltugerð í ofangreindri starfsstöð fyrirtækisins í Hellislandi, til að þjóna íbúum og fyrirtækjum á Suðurlandi. Á lóðinni var áður rekið gámasvæði Árborgar og þar áður var urðunarstaður sveitarfélagsins á svæðinu. Lóðin er alls 38.256 m<sup>2</sup> að stærð.

Íslenska gámafélagið ehf. er hér eftir nefnt rekstraraðili.

Rekstraraðila er heimilt að fela verktaka að annast verk fyrir sig, enda hafi viðkomandi öll tilskilin leyfi. Það er á ábyrgð rekstraraðila að fylgjast með hvort verktaki hafi öll tilskilin leyfi.

Starfsleyfishafi ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis síns og er skylt að fara eftir þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda á hverjum tíma, samþykktum viðkomandi sveitarfélags og eftir því sem nánar er fyrir mælt í starfsleyfissskilyrðum þessum og haga starfsemi og frágangi í samræmi við gildandi aðal- og deiliskipulag.

Rekstraraðili skal útbúa neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs á þjónustusvæði móttökustöðvarinnar ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri hennar. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun úrgangs þann tíma sem starfsemin liggur niðri. Neyðaráætlunin skal liggja fyrir eigi síðar en sex mánuðum eftir útgáfu starfsleyfis og vera aðgengileg eftirlitsaðila.

### 1.2 Umfang starfseminnar

Heimilt er að taka á móti allt að 15 þúsund tonnum af úrgangi á ári til meðhöndlunar, þ.e. flokkunar, forvinnslu, umhleðslu, pökkunar, geymslu og jarðgerðar. Þar af er heimild fyrir móttöku og meðhöndlun á allt að 2.000 tonnum á ári af lífrænum úrgangi til jarðgerðar. Heimilt er að taka á móti öllum tegundum úrgangs sem ekki flokkast sem spilliefni skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.



Starfsemin skiptist í eftirfarandi þætti:

**a) Söfnunarstöð (gámastöð)**

Heimilt er að taka við hættulitlum, almennum úrgangi frá almenningi eða smærri fyrirtækjum. Einnig er heimilt að taka við spilliefnum frá almenningi eða smærri fyrirtækjum, enda sé það í litlu magni, ekki sé um að ræða mjög hættuleg efni og engin meðhöndlun fari fram, önnur en söfnun og geymsla til skamms tíma.

**b) Móttökustöð**

Heimilt er að taka við hættulitlum, almennum úrgangi til flokkunar, forvinnslu, umhleðslu, pökkunar og geymslu.

**c) Jarðgerð (fylgiskjal I með skilyrðum)**

Heimilt er að jarðgera úr lífrænum heimilisúrgangi. Jafnframt er heimilt að nýta annan lífrænan úrgang sem stoðefni, s.s. kurlað timbur og hrossatað.

**d) Rekstur sorphirðu og sorphlutninga (fylgiskjöl II og III með skilyrðum)**

Almenn sorphirða frá heimilum og fyrirtækjum á Suðurlandi. Heimilt að taka við hættulitlum, almennum úrgangi til flokkunar, forvinnslu, umhleðslu, pökkunar og geymslu á söfnunarstöðu fyrirtækisins.

**e) Verkstæði (fylgiskjal IV með skilyrðum)**

Fylgiskjal með samræmdum skilyrðum fyrir bílaverkstæði og skylda starfsemi.

Ef starfsleyfishafi er með annan starfsleyfisskyldan rekstur samhliða ofangreindri starfsemi gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.

Móttaka og meðhöndlun spilliefna er bönnuð, önnur en söfnun skv. a-lið. Berist spilliefni óvænt með úrgangsförum telst það ekki móttaka og meðhöndlun, enda sé efnunum komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku við fyrsta tækifæri.

Óheimilt er að geyma brotajárn sem inniheldur spilliefni, s.s. úr sér gengin ökutæki sem ekki hafa verið hreinsuð af vökvum og öðrum spilliefnum.

Förgun úrgangs á athafnasvæði rekstraraðila er bönnuð.

Magni úrgangs sem geymt er á athafnasvæði rekstraraðila skal haldið í lágmarki og skal það aldrei verða svo mikið að hætta skapist. Magn timburs og annars brennanlegs úrgangs á athafnasvæðinu skal ekki fara yfir 200 tonn hverju sinni og magn brotajárns ekki yfir 1500 tonn á ári.

**Lýsing á aðstæðum:**

- Söfnunarstöðin er afgirt með aðkeyrsluhliði, utan vinnutíma er hliðið lokað.
- Á svæðinu eru opnir gámar þar sem unnt er að setja grófan úrgang.
- Lokanlegir gámar eru notaðir til geymslu á pappír, pappa og plasti o.þ.h.
- Starfsmannaaðstaða með snyrtingum er í þjónustuhúsi á lóðinni þar sem einnig er verkstæði með aðstöðu til
- Allt efni sem hægt er að endurvinna er flokkað innandyra í skemmu sem er um 518 m<sup>2</sup> að stærð með möguleika á stækkun.
- Spilliefnageymsla er í gámi með flokkun spilliefna í lokuð kör
- Fráveita frá malbikuðu plani fyrir jarðgerð er leidd í olíuskilju og sandskilju.
- Olíuskilja er sameiginleg með aðstöðuhúsi og flokkunarskemmu.



### Á söfnunarstöðinni er heimilt að taka á móti og geyma til skamms tíma:

- allan hættulítinn, almennan úrgang frá almenningi og smærri fyrirtækjum sem ekki flokkast sem spilliefni skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.
- úrgang frá almenningi og smærri fyrirtækjum sem flokkast sem spilliefni skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, enda sé hvorki um mikið magn né mjög hættuleg efni að ræða.
- raf- og rafeindaúrgang.
- almennan garðaúrgang og trjáaflippur.
- lífrænan úrgang frá garðyrkju sem hreinsaður hefur verið af plasti og öðrum ólífrænum efnum og ætlaður er til jarðgerðar.
- hræ af dýrum sem ekki hafa drepist eða verið lógað vegna smitsjúkdóma, enda sé þeim komið til viðeigandi förgunar svo fljótt sem auðið er.
- plast af heyrúllum og annan samskonar úrgang, s.s. ræktunardúka frá garðyrkjustöðvum.
- Úr sér gengin ökutæki sem hafa verið hreinsuð af vökvum og spilliefnum.

### Óheimilt er að taka á móti, meðhöndla eða geyma:

- hreinsunarúrgang sem fellur til við hreinsun fráveitu, s.s. salernisúrgang, síu- eða ristarúrgang og seyru sem ekki verður nýtt.
- úrgang frá landbúnaði annan en plast af heyrúllum, ræktunardúka, lífrænan úrgang frá garðyrkju og hræ af dýrum sem ekki hafa drepist eða verið lógað vegna smitsjúkdóma.
- smitandi úrgang, þ.m.t. sérstakan úrgang frá heilbrigðisstofnunum.
- brotajárn sem inniheldur spilliefni, s.s. úr sér gengin ökutæki sem ekki hafa verið hreinsuð af vökvum og spilliefnum.
- geislavirkan úrgang.

Starfsleyfisskilyrði þessi eru gefin út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sem og á grunni umsóknar um starfsleyfi dags. 18. febrúar 2019.

Eintak af starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum skal ávallt vera tiltækt á vinnustað.

### Eftirlitsaðili

- 1.3 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur eftirlit með ofangreindri starfsemi starfsleyfishafa í samræmi við 5. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. sem og ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.4 Starfsleyfi skal endurskoða að jafnaði á fjögurra ára fresti. Jafnframt er útgefanda starfsleyfis heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, t.a.m. ef í ljós kemur að mengun af völdum starfseminnar er meiri eða önnur en búast mátti við þegar leyfið var gefið út, ef breyting verður á rekstri fyrirtækisins, ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni (BAT) sem leiða til betri mengunarvarna eða ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi.



Með mengun er átt við það þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og/eða skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láds eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis.

- 1.5 Starfsleyfishafi skal veita Heilbrigðiseftirliti Suðurlands upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfseminni með góðum fyrirvara áður en í þær er ráðist, sbr. gr. 13 í reglugerð nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlitið metur upplýsingarnar innan fjögurra vikna frá móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega um það hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi. Sé um að ræða meiriháttar breytingu á rekstrinum eða breytingu sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, ber starfsleyfishafa að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Starfsleyfið ásamt starfsleyfisskilyrðum fellur úr gildi ef starfsemin skiptir um eigendur eða húsnæði. Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti ef starfsemin er lögð niður eða eigendaskipti verða.
- 1.7 Starfsleyfishafa er skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun ef rekstur er stöðvaður tímabundið og koma athafnasvæði fyrirtækisins í viðunandi horf, að mati heilbrigðiseftirlits, ef rekstur er endanlega stöðvaður og starfsemin lögð niður.
- 1.8 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum starfseminnar, sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, og skal fyrirbyggja tjón eða bæta úr tjóni sem þegar hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.9 Almennigur á rétt á upplýsingum um starfsleyfisumsókn og starfsleyfi í samræmi við ákvæði IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlitsaðili birtir þær upplýsingar sem og niðurstöður eftirlits opinberlega á vefsíðu sinni eða með öðrum aðgengilegum hætti.
- 1.10 Um aðbúnað starfsmanna og varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

## **2. UMHVERFI**

- 2.1 Við reksturinn skal leitast við að lágmarka álag á umhverfið. Starfsleyfishafi skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skipuleggja orku- og efnanotkun á sem vistvænastan hátt.
- 2.2 Starfsleyfishafi getur valið að vinna eftir viðurkenndu umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).
- 2.3 Starfsleyfishafa er skylt að sjá um að á umráðasvæði fyrirtækisins sé gætt fyllsta hreinlætis og að húsnæði og lóð sé haldið snyrtilegu. Allar vélar og tæki, hráefni og annað það er starfseminni tilheyrir skal vistað innan lóðar fyrirtækisins og þannig frá því gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir umhverfi eða nágranna og eftir atvikum takmarka aðgengi og/eða byrgja innsýn á svæðið, t.d. með skjólgirðingu, jarðvegs- eða gróðurmön. Svæðið skal afgirt og aðgangur að því takmarkaður við opnunartíma svæðisins. Við inngang á svæðið skal vera upplýsingaskilti þar sem fram kemur með skýrum hætti opnunartími svæðisins og hvaða tegundum úrgangs tekið er við.



### 3. MENGUNARVARNIR

- 3.1 Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun loftslags, láðs og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind.
- 3.2 Starfsleyfishafi skal setja sér reglur um viðbrögð við mengunaróhöppum. Ísogbúnað eða ísogsefni skal hafa til taks og nota við hreinsun vegna minniháttar leka eða óhappa. Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu, skal tafarlaust grípa til viðeigandi aðgerða skv. viðbragðsáætlun til þess að fyrirbyggja frekari mengun og/eða slys og takmarka mögulegan skaða með hreinsun. Tilkynna skal eftirlitsaðila um slík atvik svo fljótt sem auðið er. Ef um er að ræða stærra mengunarslys sem starfsmenn ráða ekki við eða hættu á bráðamengun skal gera slökkviliði og öðrum viðbragðsaðilum viðvart um neyðarsíma 112.
- 3.3 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum. Öryggisblöð vegna hættulegra efna skulu vera á íslensku.
- 3.4 Eftir því sem við á skal athafnasvæði fyrirtækisins eða hlutar þess lagt vökvaheldu yfirborði með niðurföllum tengdum við viðeigandi mengunarvarnarbúnað, sbr. gr. 3.9.
- 3.5 Starfsleyfishafi skal ávallt leitast við að velja sem minnst mengandi aðferð til allra þrifa, t.a.m. með notkun umhverfissvottaðra hreinsiefna. Þvottur véla og vélarhluta skal fara fram á olíuheldu plani með afrennsli um olíuskilju eða í þar til gerðum þvottavélum með lokuðu kerfi. Þvottur á gámum og öðrum ílátum fyrir úrgang skal fara fram á vökvaheldu plani með afrennsli um fituskilju og/eða ristum í niðurföllum til að koma í veg fyrir að fita og eða/fastur úrgangur berist í fráveitu.
- 3.6 Um meðferð og geymslu olíu og úrgangsolíu, frágang olíugeyma, gasgeyma og álíka búnaðar fer samkvæmt reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Olíugeymir skal vera með árekstursvörn og staðsettur á afmörkuðu, olíuheldu plani með frárennsli tengt við olíuskilju. Heilbrigðiseftirlit getur, ef aðstæður leyfa, samþykkt annan búnað sem uppfyllir markmið um ásættanlegar mengunarvarnir.

Mengist jarðvegur af olíu vegna starfseminnar er starfsleyfishafi ábyrgur fyrir því að jarðvegurinn sé meðhöndlaður í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar (áður Hollustuverndar ríkisins) nr. 8 frá 1998 um meðferð á olíumenguðum jarðvegi.

#### Hávaði

- 3.7 Takmarka skal hávaða frá starfseminni eins og kostur er og þess gætt að hann valdi ekki ónæði eða óþægindum í nærliggjandi umhverfi. Hávaði við lóðarmörk skal ekki fara yfir tilgreind viðmiðunarmörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

#### Loftmengun

- 3.8 Koma skal í veg fyrir eða draga úr loftmengun frá athafnasvæði fyrirtækisins eftir því sem kostur er með viðeigandi mengunarvarnarbúnaði, sbr. gr. 3.1, og þess gætt að ryk og lyktarmiklar og/eða skaðlegar lofttegundir valdi hvorki óþægindum né hættu í nærliggjandi



umhverfi. Þar sem nauðsyn er á loftræstingu út úr vegg skal ávallt sjá til þess að veggur og nærumhverfi haldist hreint.

#### Fráveitur

- 3.9 Fráveita skal vera í samræmi við kröfur reglugerðar um fráveitur og skólþ. Um fyrirkomulag og staðsetningu hreinsivirkja frárennslis skal fara samkvæmt fyrirmælum bygginganefndar og heilbrigðiseftirlits. Á fráveitu fyrirtækisins skal vera viðeigandi mengunarvarnarbúnaður, s.s. síur, ristar, olúskilja, sandskilja, fituskilja o.þ.h., í samræmi við eðli og umfang starfseminnar.
- 3.10 Olúskiljur, sandskiljur og fituskiljur skal hreinsa með reglubundnum hætti af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi og flytja úrgang til förgunar eða meðhöndlunar á móttökustað sem hefur til þess starfsleyfi.
- 3.11 Seyru skal tæma reglulega úr rotþróum af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi og flytja á móttökustað sem hefur starfsleyfi til förgunar og/eða meðhöndlunar seyru til endurnýtingar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru.

#### 4. SÖFNUN OG GEYMSLA ÚRGANGS

- 4.1 Við söfnun og geymslu úrgangs skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br., reglugerðar nr. 442/2015 um raf- og rafeindatækjaúrgang m.s.br., reglugerðar nr. 1020/2011 um rafhlöður og rafgeyma m.s.br., reglugerðar nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs og reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni eftir því sem við á, auk annarra reglugerða sem kunna að gilda um einstaka þætti starfseminnar.

#### Almennur og hættulítill úrgangur

- 4.2 Úrgang skal flokka eftir því sem tók eru á til endurvinnslu eða endurnýtingar. Á sorpgámum og ílátum fyrir flokkaðan úrgang skulu vera skýrar merkingar um hvaða úrgangur má fara í viðkomandi gám eða ílát.
- 4.3 Sorpgámar og önnur ílát fyrir úrgang skulu vera heil og henta fyrir þann úrgang sem í þau fer og vera, eftir því sem við á, vökvaheld, lokanleg og þétt. Þeim skal jafnframt haldið hreinum með reglulegum þrifum.
- 4.4 Gámar fyrir dýrahæ skulu merktir með áberandi hætti í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis.
- 4.5 Hindra skal aðgang meindýra, vargfugls og annarra dýra að úrgangsgeymslum.
- 4.6 Starfsleyfishafi skal halda magni úrgangs sem geymt er á athafnasvæði fyrirtækisins í lágmarki og gæta þess að aldrei skapist hætta vegna óhóflegrar uppsöfnunar úrgangs. Úrgang sem tekið er á móti skal flytja reglulega til endurvinnslu eða förgunar hjá viðurkenndum móttökuaðilum sem hafa til þess tilskilin starfsleyfi.
- 4.7 Urðun, brennsla og önnur meðferð úrgangs en móttaka, flokkun og geymsla er óheimil á athafnasvæði fyrirtækisins.



## Úrgangur sem flokkast sem spilliefni

- 4.8 Söfnun og geymsla úrgangs sem flokkast sem spilliefni skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs skal fara fram, eftir atvikum, á afmörkuðu svæði með vökvaheldu yfirborði tengdu við viðeigandi mengunarvarnarbúnað eða í læsanlegu, loftræstu rými með aðstöðu til lekasöfnunar. Gæta skal að ákvæðum laga nr. 46/1988 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum hvað varðar varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn, sbr. gr. 1.10.
- 4.9 Úrgangur sem flokkast sem spilliefni skal meðhöndla af varúð og þess vandlega gætt að hann hvorki berist í andrúmsloft, jarðveg, yfirborðsvatn né grunnvatn eða geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.
- 4.10 Úrgangur sem flokkast sem spilliefni skal geyma í aðskildum ílátum og merkja sérstaklega. Hvorki má blanda úrgangi sem flokkast sem spilliefni við annan úrgang né blanda saman mismunandi tegundum úrgangs sem flokkast sem spilliefni.
- 4.11 Geyma skal raf- og rafeindatækjaúrgangur og rafhlöður og rafgeyma sem skilað er til móttökustöðvarinnar í þar til gerðum ílátum á svæði með ógegndræpu yfirborði þar sem fyrir hendi er aðstaða til lekasöfnunar, undir viðeigandi yfirbreiðslu sem er vind- og vatnsheld, þétu, vatnheldu loki eða í viðeigandi lokanlegum og loftræstum gámum.
- 4.12 Geyma skal öll efni og efnablöndur í upprunalegum umbúðum sem skulu merktar með viðeigandi varnaðarmerkjum og hættu- og varnaðarsetningum, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.
- 4.13 Oliúrgangur skal geyma á viðeigandi hátt í til þess ætluðum ílátum eða geymum í lekabyttum eða á vökvaheldu plani með niðurföllum tengdum við olíuskilju. Óheimilt er að losa oliúrgangur í yfirborðsvatn, grunnvatn, sjó, jarðveg eða fráveitu. Jafnframt er óheimilt að blanda oliúrgangi saman við annan úrgang.
- 4.14 Þegar tekið er á móti úrgangi sem flokkast sem spilliefni skal sá sem skilar úrganginum fá afhenta kvittun fyrir skilunum þar sem fram kemur nafn beggja aðila, magn og gerð spilliefnanna ásamt dagsetningu skilanna.

## 5. EIGIÐ EFTIRLIT, SKRÁNINGAR OG TILKYNNINGASKYLDA

5.1 Starfsleyfishafi skal viðhafa eigið eftirlit og halda skrá um atriði er varða m.a.:

- fyrirkomulag og eftirlit með mengunarvörnum fyrirtækisins, þ.m.t. reglubundnar hreinsanir og viðhald mengunarvarnarbúnaðar,
- óhöpp eða slys sem hafa í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu,
- tegundir og magn úrgangs sem tekið er á móti,
- skil úrgangs og spilliefna til endurvinnslu eða förgunar.

Eftirlitsaðili skal ávallt hafa greiðan aðgang að framangreindum upplýsingum.



- 5.2 Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti um öll meiriháttar frávik í rekstrinum sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið og/eða varðað almannaeill, sbr. gr. 3.2.

## **6. GILDISTAKA OG GJALDSKYLDA**

- 6.1 Starfsleyfi þetta er veitt til tólf ára í samræmi við 6. grein laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og ákvæði reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og öðlast gildi við birtingu.
- 6.2 Starfsleyfishafi greiðir árlegt eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, eins og hún er hverju sinni.

Selfossi, xx. xxx 20xx

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

---

XXXX,  
heilbrigðisfulltrúi





# STARFSLEYFISSKILYRÐI

## Fylgiskjal I

### fyrir móttöku á lífrænum úrgangi til endurvinnslu og jarðgerðar í Hellislandi, 800 Selfossi

### Íslenska Gámafélagið ehf.

#### 1. GILDISSVIÐ OG ALMENN ÁKVÆÐI

- 1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir starfsemi Íslenska gámafélagsins ehf., kt: 470596-2289 í Hellislandi, Selfossi, hér eftir nefnt rekstraraðili. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum og ennfremur lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br. og reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, m.s.b. Skilyrði þessi koma til viðbótar sem fylgiskjal við starfsleyfisskilyrði fyrir Íslenska gámafélagið fyrir móttöku sorps og flutning, gámasvæði og jarðgerð.
- 1.2 Starfsleyfisskilyrðin gilda fyrir rekstur móttöku á lífrænum úrgangi til endurvinnslu og jarðgerðar, þ.e. endurvinnsla á úrgangi sbr. lið 8.5 í viðauka X í rgl. 550/2018, m.s.br.

#### 2. MÓTTAKA OG VINNSLA ÚRGANGS

- 2.1 Rekstraraðila er heimilt að taka á móti allt að 2.000 tonn af lífrænum úrgangi til endurvinnslu og jarðgerðar árlega. Til lífræns úrgangs telst ávextir, grænmeti, kornvöru, mjólkurvörur og soðinn fisk- og kjötúrgangur. Ekki er heimilt að taka við og nota til jarðgerðar hráan fisk- og kjötúrgang, sláturúrgang, dýrahræ, slóg frá fiskvinnslum eða þ.h.
- 2.2 Stoðefni við vinnsluna má vera hreint hrossatað, kurlaðar greinar og garðaúrgangur. Stoðefni til vinnslu skal vera af góðum gæðum. Ekki er heimilt að nota annan dýra úrgang, myglað eða úldið gras, hey, garðaúrgang eða annað lífrænt efni af lélegum gæðum sem stoðefni.
- 2.3 Við móttöku skal rekstraraðili leggja mat á gæði hráefnis og stoðefnis. Efni sem ekki stenst gæðakröfur skal fjarlæggt og fargað jafnóðum.
- 2.4 Halda skal skrá yfir magn og gerð úrgangs og stoðefnis sem fer til jarðgerðar. Skráningar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.
- 2.5 Áhersla skal lögð á jafna vinnslu alls efnis sem tryggir að rúmtak þess sé í lágmarki hverju sinni. Magn lífræns úrgangs á lóð hverju sinni og skipulag vinnslu skal fara skv. VFR-026 sbr. vinnuferli rekstraraðila að skipulagi á vinnslu lífræns úrgangs.
- 2.6 Lífrænum úrgangi sem berst til vinnslu skal koma í vinnsluferli eins fljótt og hægt er. Úrgang sem bíður vinnslu skal hylja með timburkurli líkt og efni sem er í jarðgerðarferli.



- 2.7 Lífrænum úrgangi sem ekki nýtist til jarðgerðar og úrkasti frá hörpun á moltu má ekki safna upp heldur skal koma til förgunar sem allra fyrst. Urðun eða brennsla úrgangs á athafnasvæðinu er óheimil
- 2.8 Stýra skal aðkomu stoðefnis þannig að ekki verði uppsöfnun á því heldur berist það eftir þörfum. Stoðefni skal hylja með timburkurli við komu til að draga úr lykt og aðgengi meindýra.
- 2.9 Rekstraraðili skal lágmarka aðsókn meindýra að athafnasvæðinu með skipulögðum meindýravörnum. Verði vart við meindýr, s.s. rottur eða vargfugla, skal séð til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu. Framvísa skal samningi við meindýraeyði og yfirlitsmynd sem sýnir skipulag meindýravarna í eftirliti. Skýrslur meindýraeyðis skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.
- 2.10 Rekstraraðili skal hafa viðbragðssáætlun um meðhöndlun lífræns úrgangs umfram það sem leyfilegt er í starfsleyfinu fari svo að fyrirtækinu berist umfram magn, vegna hættu á mengun og ónæði frá honum.
- 2.11 Rekstraraðili skal hafa neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs á þjónustusvæði móttökustöðvarinnar ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri hennar. Neyðaráætlun skal innihalda tillögur um meðferð og förgun úrgangs þann tíma sem starfsemin liggur niðri. Neyðaráætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

### **3. LÓÐARMÖRK, ATHAFNASVÆÐI OG ÁSÝND SVÆÐIS**

- 3.1 Starfsemi við jarðgerð fyrirtækisins á þessum stað skal takmörkuð við svæði eins og það er skilgreint í umsókn. Breytingar á tilhögun skal gerð í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.
- 3.2 Móttökusvæði lífræns úrgangs og svæði fyrir jarðgerð fyrirtækisins skal vera með bundnu, lekaheldu slitlagi.
- 3.3 Halda skal vinnusvæði, tækjabúnaði og umhverfi eins snyrtilegu og kostur er á og gæta hreinlætis í hvívetna.
- 3.4 Að öðru leyti gilda ákvæði í kafla 2 í sértækum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Suðurlands fyrir reksturinn, um lóð, athafnasvæði og ásýnd svæðis.

### **4. MENGUNARVARNIR**

- 4.1 Við alla vinnslu skal gæta sérstaklega að áhrifum á nærumhverfi. Rekstraraðila ber að beita bestu aðgengilegu tækni til varnar gegn lyktarónæði og loftmengun frá starfseminni.
- 4.2 Sé jarðgerðarefnið lagt í múga skulu þeir ekki vera hærri en 2,5 m. Nægilegt rými skal vera í kringum múga til að hægt sé að sinna vinnu við þá s.s. að snúa þeim, leggja yfir þá timburkurl og beita búnaði til mengunarvarna.
- 4.3 Við alla vinnu við hráefni, stoðefni, múga eða moltu og frákast frá hörpun skal taka tillitnema í undantekningar tilvikum og í samráði við HSL til veðuraðstæðna í því skyni að lágmarka áhrif og ónæði í nágrenninu. Fyrirtækinu ber að hafa veðurstöð, vindpoka eða annan sambærilegan búnað á vinnslusvæðinu til að meta vindátt. Í tilkynningu fyrirtækisins til Skipulagsstofnunar vegna fyrirhugaðrar jarðgerðar kemur fram að snúa



þurfi moltunni u.þ.b. einu sinni í mánuði. Leitast skal við snúa múgum einungis þegar veðuraðstæður eru hagstæðar.

- 4.4 Hráefni til vinnslu, múga í jarðgerðarferli, unnin molta og frákast frá hörpun skal ávallt hylja með timburkurlri til að draga úr lyktarónæði og hindra aðgengi meindýra. Hafa skal daglegt eftirlit með því að nægilegt timburkurl sé á. Vanti timburkurl skal þegar í stað bæta úr því.
- 4.5 Halda skal hávaða við vinnslu hráefnis og vegna annarra athafna, svo sem umferðar um athafnasvæðið, í lágmarki. Um hávaða fer skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Hávaði skal vera undir þeim viðmiðunarmörkum fyrir atvinnustarfsemi sem tilgreind eru í töflu III í reglugerð um hávaða.
- 4.6 Verði á starfstímanum mengun af völdum starfsemi rekstraraðila í Hellislandi sem gæti stofnað heilsufari almennings í hættu og/eða valdið röskun lífríkis, skal rekstraraðili koma í veg fyrir að mengunarefni haldi áfram að berast út í umhverfið. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem hefur orðið eftir óhapp eða annað atvik, á sinn kostnað.

## **5. FRÁVEITA OG INNRA EFTIRLIT**

- 5.1 Móttöku og vinnslusvæði lífræns úrgangs skal vera með bundnu, lekaheldu yfirborði og með kanti þannig að afrennsli frá jarðgerðinni renni ekki út af svæðinu. Afrennsli skal safna í tank.
- 5.2 Fráveituvatni skal farga á þann hátt að heilsu manna og dýra stafi ekki hætta af og röskun á lífríki verði sem minnst. Óheimilt er að láta hvers kyns olíur eða önnur spilliefni í fráveitu. Fari niður fita, olíur eða annar fljótandi úrgangur á vinnslusvæðum, skal strax hreinsa upp eins og kostur er.
- 5.3 Um fráveitur og hreinsun skólps fer samkvæmt III. kafla reglugerðar um fráveitur og skólþ, nr. 798/1999, þ.e. krafa um tveggja þrepa hreinsun. Heilbrigðisnefnd getur krafist frekari mengunarvarna vegna frárennslis ef ætla má að mengun fari yfir mörk.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

XXXX,  
heilbrigðisfulltrúi



# STARFSLEYFISSKILYRÐI

## fylgiskjal II

### fyrir flutning á úrgangi öðrum en spilliefnum

#### 1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir rekstraraðila sem annast söfnun og flutning á úrgangi öðrum en spilliefnum til móttökustöðvar eða til endurvinnslu.
- 1.2 Leyfið gildir um allt land skv. ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Heilbrigðisnefnd sveitarfélaga er þó heimilt að hafa eftirlit, og beita þvingunarúrræðum ef með þarf, með færanlegri starfsemi, sem stunduð er á svæði nefndarinnar, og er með starfsleyfi gefið út á öðru svæði sbr. 62. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Tilkynning um starfsemi á öðru svæði skal framkvæmd með þeim hætti að rekstraraðili sendi afrit af starfsleyfi til viðkomandi heilbrigðiseftirlitssvæðis.
- 1.3 Ef annar starfsleyfisskyldur rekstur er rekinn samhliða, gilda einnig viðeigandi starfsleyfisskilyrði. Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif starfsmennar á almenning, lífríki eða umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni sem leiðir til bættra mengunarvarna.
- 1.4 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. m.s.br. Rekstraraðila ber að tilkynna breytingar á rekstri til leyfisveitanda eins fljótt og auðið er. Tilkynna skal leyfisveitanda ef starfsemin er lögð niður.
- 1.5 Rekstraraðili skal kynna sér og sjá til þess að starfsemin uppfylli gildandi lög og reglugerðir á starfsviði sínu. Rekstraraðili skal fara að ákvæðum samþykktu um sorphirðu í þeim sveitarfélögum sem hann starfar í. Ákvæði reglugerðar nr. 671/2008, um hleðslu, frágang og merkingu farms, eru alltaf í gildi. Um starfsumhverfi og varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn fer samkvæmt lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

#### 2. Mengunarvarnir og umhverfismál

- 2.1 Rekstraraðila er skylt að halda flutningsbifreiðum, tækjum og búnaði ásamt byggingum og umhverfi hreinu og snyrtilegu. Fullnægjandi aðstaða skal vera fyrir hendi til



daglegra þrifa á flutningstækjum. Ef þvo á vélar og tæki eða hluta þeirra utandyra, skal það gert á vökvaheldu plani með afrennsli um olíuskilju.

- 2.2 Starfseminni skal þannig hagað að hún valdi ekki nágrönnum eða fólki í nærliggjandi húsakynnum óþægindum vegna lyktar eða ónæðis.
- 2.3 Við flutning um fjallvegi, náttúruverndarsvæði og/eða grannsvæði vatnsbóla skal gæta sérstakrar varðúðar.
- 2.4 Flutningstæki skulu vera þannig útbúin að sorp eða úrgangur geti ekki fallið af þeim og/eða úrgangur lekið niður og valdið ónæði eða óþrifum. Ef óhöpp verða skal strax hreinsa og þrifa upp það sem farið hefur niður. Jafnframt skulu öll óhöpp tilkynnt til viðkomandi heilbrigðisnefndar.
- 2.5 Farmur, sem ryk getur stafað frá eða fallið getur af ökutæki, skal bundinn með bindiefni, t.d. vatni eða yfirbreiðslu, sbr. 4. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 671/2008.
- 2.6 Ef lekið getur úr geymi skal tryggt að safnþró eða safngeymir í farmrýminu geti tekið við lekanum, sbr. 5. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 671/2008.
- 2.7 Einungis er heimilt að losa úrgang á viðurkenndum söfnunar- eða móttökustöðvum.

### 3. Eftirlit og skráningar

- 3.1 Rekstraraðili skal starfrækja innra eftirlit með mengandi þáttum, umhverfis- og rekstrarþáttum á hverri starfsstöð. Skrá skal á skilvirkan hátt og geyma upplýsingar um:
  - a) Magn og gerð úrgangs sem flutt eru.
  - b) Skrá skal öll mengunaróhöpp og atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins, s.s. bilanir, leka eða slys.
- 3.2 Innra eftirlit og skráningar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðilum.

Selfossi, XX. XXX 2019

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

---

XXX,  
heilbrigðisfulltrúi



# STARFSLEYFISSKILYRÐI

## fylgiskjal III fyrir flutning á spilliefnum

### 1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir rekstraraðila sem annast flutning á spilliefnum, öðrum en þeim sem flutt eru með dælubifreiðum, frá móttökustöð til förgunarstöðvar eða til endurvinnslu.
- 1.2 Leyfið gildir um allt land skv. ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Heilbrigðisnefnd sveitarfélaga er þó heimilt að hafa eftirlit, og beita þvingunarúrræðum ef með þarf, með færanlegri starfsemi, sem stunduð er á svæði nefndarinnar, og er með starfsleyfi gefið út á öðru svæði sbr. 62. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Tilkynning um starfsemi á öðru svæði skal framkvæmd með þeim hætti að rekstraraðili sendi afrit af starfsleyfi til viðkomandi heilbrigðiseftirlitssvæðis.
- 1.3 Ef annar starfsleyfisskyldur rekstur er rekinn samhliða, gilda einnig viðeigandi starfsleyfisskilyrði. Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif starfseminnar á almenning, lífríki eða umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni sem leiðir til bættra mengunarvarna.
- 1.4 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, m.s.br. Rekstraraðila ber að tilkynna breytingar á rekstri til leyfisveitanda eins fljótt og auðið er. Tilkynna skal leyfisveitanda ef starfsemin er lögð niður.
- 1.5 Rekstraraðili skal kynna sér og sjá til þess að starfsemin uppfylli gildandi lög og reglugerðir á starfsviði sínu. Við flutning á spilliefnum, sem flokkast sem hættulegur farmur samkvæmt reglugerð nr. 1077/2010 um flutning á hættulegum farmi m.s.br., gilda ákvæði þeirrar reglugerðar eftir því sem við á, m.a. um réttindi ökumanns, viðurkenndar umbúðir, merkingar á umbúðum og ökutæki, fylgibúnað og fylgigögn, þ.m.t. farmbréf fyrir hættulegan farm og flutningsslysablað. Ákvæði reglugerðar nr. 671/2008, um hleðslu, frágang og merkingu farms, eru alltaf í gildi. Um starfsumhverfi og varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn fer samkvæmt lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

### 2. Mengunarvarnir og umhverfismál

- 2.8 Rekstraraðila er skylt að halda flutningsbifreiðum, tækjum og búnaði ásamt byggingum og umhverfi hreinu og snyrtilegu. Fullnægjandi aðstaða skal vera fyrir hendi til



daglegra þrifa á flutningstækjum. Ef þvo á vélar og tæki eða hluta þeirra utandyra, skal það gert á vökvaheldu plani með afrennsli um olíuskilju.

- 2.9 Starfseminni skal þannig hagað að hún valdi ekki nágrönnum eða fólki í nærliggjandi húsakynnum óþægindum vegna lyktar eða ónæðis.
- 2.10 Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.
- 2.11 Flutningstæki skulu vera þannig útbúin að spilliefni geti ekki fallið af þeim og/eða lekið niður og valdið ónæði eða óþrifum. Spilliefnum skal pakkað í lokuð ílát sem heilbrigðiseftirlit samþykkir. Ílát skulu tryggilega fest þannig að þau kastist ekki til og tolli í farmrými ef óhöpp verða.  
Ef óhöpp verða skal strax hreinsa og þrifa upp það sem farið hefur niður.  
Í bifreiðum sem flytja fljótandi spilliefni ber að hafa til taks efni eða búnað sem sýgur í sig viðkomandi vökva til nota ef óhapp verður.
- 2.12 Hvers konar óhöpp þar sem flutningur spilliefna á í hlut ber að tilkynna til neyðarlínu í síma 112. Jafnframt skulu öll óhöpp tilkynnt til viðkomandi heilbrigðisnefndar.
- 2.13 Farmur, sem ryk getur stafað frá eða fallið getur af ökutæki, skal bundinn með bindiefni, (t.d. vatni) eða yfirbreiðslu, sbr. 4. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 671/2008.
- 2.14 Ef lekið getur úr geymi skal tryggt að safnþró eða safngeymir í farmrýminu geti tekið við lekanum, sbr. 5. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 671/2008.
- 2.15 Umbúðir spilliefna skal merkja á viðeigandi hátt, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Á umbúðunum skulu a.m.k. koma fram upplýsingar um hættulega eiginleika, efnaflokka og magn úrgangsins.
- 2.16 Rekstraraðili skal hafa tiltækar upplýsingar um hættulega eiginleika efnaflokka og magn úrgangsins ásamt upplýsingum um sendingar- og móttökuaðila í stjórnhúsi flutningstækis, sbr. 2. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 806/1999. Þær skulu vera á íslensku.

### 3. Eftirlit og skráningar

- 3.2 Rekstraraðili skal starfrækja innra eftirlit með mengandi þáttum, umhverfis- og rekstrarþáttum á hverri starfsstöð. Skrá skal á skilvirknan hátt og geyma upplýsingar um:
  - a) Magn og gerð spilliefna sem flutt eru.
  - b) Skrá skal öll mengunaróhöpp og atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins, s.s. bilanir, leka eða slys.
- 3.2 Innra eftirlit og skráningar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðilum.

Selfossi, XX. XXX 2019

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

---

XXX,  
heilbrigðisfulltrúi



# STARFSLEYFISSKILYRÐI

## fylgiskjal IV

### fyrir bifreiðaverkstæði og skyldan rekstur

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.*

#### 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

	Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1 Starfsleyfisskilyrðin ná yfir rekstur almennra bifreiðaverkstæða, verkstæði fyrir þungavinnutæki, aðstöðu verktaka með þungavinnuvélar og annan skyldan rekstur.	550/2018 5. gr.	
1.2 Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.	550/2018 6. gr.	
1.3 Ef rekstraraðili er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	550/2018 5. gr.	
1.4 Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju.	550/2018 13. gr.	

#### 2. LÓÐ OG HÚSNÆÐI

	Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1 Rekstraraðili skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur til afnota.	112/2012 og rgl. nr. 550/2018	
2.2 Óheimilt er að geyma lausamuni s.s. bílhræ, bílhloti og annan úrgang á lóðum þannig að snúi að almannafæri eða valdi slysaþættu.	737/2003	
2.3 Gámum og öðrum ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum.	737/2003 17. gr.	
2.4 Bifreiðum, sem bíða viðgerðar, skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila.	737/2003 16. og 18. gr.	





### 3. MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu.	798/1999 5. gr.	
3.2	Hafa skal olúskilju á fráveitulögn frá niðurföllum þar sem vinna með olíur fer fram. Stærð, gerð og staðsetning skilju skal ákveðin í samráði við heilbrigðiseftirlit og byggingafulltrúa.	798/1999 5. gr.	
3.3	Halda skal notkun olíuhreinsiefna í lágmarki. Til hreinsunar á gólfum skal nota sápuefni og/eða olíuhreinsa sem hæfa olúskiljum.	550/2018	
3.4	Hafa skal reglubundið eftirlit með olúskilju og láta viðurkenndan aðila annast tæmingar.	798/1999 5. gr.	
3.5	Þar sem hætta er á að fljótandi úrgangur, olíur eða olíuefni, fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar s.s. blautsugu, tvist eða sag.	798/1999 5. gr.	
3.6	Þvottur á tækjum og bifreiðum skal fara fram á svæðum með bundið slitlag og þar sem fráveita er tengd sandfangi og olúskilju.	798/1999 5. gr.	

### 4. GEYMSLA Á OLÍU OG OLÍUEFNUM

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Olíugeymar og olíulagnir þurfa samþykki byggingarfulltrúa og heilbrigðiseftirlits og skulu uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olímengun frá starfsemi á landi.	884/2017	
4.2	Olíugeymir með afgreiðsludælu skal staðsettur á steypu plani með árekstursvörn og skulu niðurföll tengd olúskilju.	884/2017	
4.3	Staðsetja skal geyma og tunnur undir olíuefni þ.m.t. úrgangsolíu í þróm eða lekabyttum innandyrna eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll. Ef olíuefni eru geymd utandyrna skal það vera í skýli eða á annan þann hátt sem heilbrigðisnefnd samþykkir.	550/2018 og rgl. nr. 884/2017	
4.4	Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt þar sem ekki stafar mengunarhætta af og í upprunalegaum umbúðum. Eiturefni s.s. flúrsýru skal geyma í læstum skáp. Skápurinn skal vera loftræstur og að við hillur skulu vera lekabyttur.	415/2014 og lög nr. 61/2013	
4.5	Öryggisblöð fyrir merkingaskyld efni skulu vera á staðnum.	888/2015 5. gr. og lög nr. 61/2013	



## 5. SPILLIEFNI OG ANNAR ÚRGANGUR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Olíusíur og úrgangsolía teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku með starfsleyfi. Þurrum, pressuðum olíusíum má skila með málmúrgangi.	1040/2016 og rgl. nr. 806/1999	
5.2	Olíumenguðum jarðvegi ber að koma til viðurkenndra móttökuaðila.	884/2017 og rgl. nr. 1040/2016 3. gr.	
5.3	Ganga skal þannig frá olíusmituðum úrgangi þar til að hann er fluttur til förgunar að ekki sé hætt á mengun.	884/2017 og rgl. nr. 1040/2016 3. gr.	
5.4	Rafgeymar teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndra móttökuaðila.	1040/2016 og rgl. nr. 806/1999	
5.5	Farið skal eftir ákvæðum mengunarvarnareglugerða varðandi meðhöndlun og skil á spilliefnum eins og þau eru á hverjum tíma.	1040/2016 og rgl. nr. 806/1999	
5.6	Flokka skal annan úrgang sem til fellur eins og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.	737/2003 og rgl. nr. 806/1999	

### Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna og auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

### Atvinnugreinaflokkur (ISAT):

Selfossi, xx.xxx 20xx

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

\_\_\_\_\_  
XYZ,  
heilbrigðisfulltrúi